

Sp.

72. Tillaga til þingsályktunar

[66. mál]

um landshafnarframkvæmdir í Keflavík og Njarðvík.

Flm.: Valtýr Guðjónsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að beita sér fyrir því, með útvegum lánsfjár og á annan hátt, að unnt verði á næsta vori að hefja fyrirhugaða mannvirkja-gerð í landshöfn Keflavíkur og Njarðvíkur.

Greinargerð.

Í greinargerð fyrir frumvarpi til laga um breyting á lögum um landshöfn í Keflavík og Njarðvík, nr. 23 1955, sem liggur fyrir þessu þingi á þingskjali 32, — en frumvarpið fjallar um hækkun heimildar fyrir ríkissjóð til lántöku vegna hafnarinnar, — er gerð nokkur grein fyrir upphafi og sögu landshafnar í Keflavík og Njarðvík.

Í greinargerðinni kemur réttilega fram, hversu brýna nauðsyn þer til þess, að hafnarskilyrði landshafnarinnar verði stórum bætt, enda fer afgreiðslu- og þjónustuþörf fyrir fiski- og flutningaskip í höfninni vaxandi í stórum stíl með hverju ári, sem líður.

Stjórn landshafnar Keflavíkur og Njarðvíkur samþykkti árið 1959 verkáætlun um byggingu hafnarinnar. Þegar sú áætlun er fullunnin, verður hægt af afgreiða í höfninni samtímis við góð skilyrði: 1) þrjú flutningaskip, 2) tuttugu og fimm fiskibáta að stærð allt að 150 tonn. Geymslupláss verður innan hafnarinnar fyrir allt að 150 fiskibáta að stærð 75—150 tonn.

Verkáætlun þessi lá fyrir sameiginlegum fundi bæjarstjórnar Keflavíkur, hreppsnefndar Njarðvíkur og landshafnarstjórnar hinn 29. sept. s. l. og var samþykkt þar einróma. Fundurinn ályktaði einnig í framhaldi af þessu:

„Fundurinn telur ástand í hafnarmálum svo alvarlegt, að stefna verði að því að ljúka fyrrnefndri áætlun á næstu fjórum árum. Til þess að svo megi verða, beinir fundurinn þeim eindregnu tilmælum til hæstvitrar ríkisstjórnar, að hún taki þetta mikla hagsmunamál byggðarlaganna til skjótrar úrlausnar og útvegi fjármagn, um 50—60 millj. kr., svo að uppbygging hafnarinnar geti hafizt af fullum krafti þegar á næsta vori.“

Með frumvarpi því á þskj. 32, sem áður er getið, er stefnt að því að lögheimila hækkun lántöku til landshafnar Keflavíkur og Njarðvíkur.

Með þingsályktunartillögu þessari er ríkisstjórninni falið að útvega lánsfé til framkvæmda í höfninni og undirbúa þær framkvæmdir á hvern þann hátt, er þurfa þykir, til þess að þær geti hafizt á næsta vori.